

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 17/2020

frá 7. febrúar 2020

### um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/439 frá 15. febrúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasafn, skýrslusniðmát og skýrslugjafarfyrirmæli sem beita á í Sambandinu fyrir skýrslugjöfina sem um getur í 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/912 frá 28. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 650/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið, uppbyggingu, innihaldslista og árlega birtingardagsetningu upplýsinganna sem lögbær yfirvöld skulu birta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/536 frá 29. mars 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB að því er varðar skrána yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þar sem kröfur um eftirlit og reglur eru taldar jafngildar að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(3)</sup>.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14at (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/908/ESB):

„– **32019 D 0536**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/536 frá 29. mars 2019 (Stjtið. ESB L 92, 1.4.2019, bls. 3).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 90, 29.3.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 146, 5.6.2019, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 92, 1.4.2019, bls. 3.

2. Eftirfarandi er bætt við lið 14j (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 650/2014):

„, breytt með:

– **32019 R 0912:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/912 frá 28. maí 2019 (Stjtið. ESB L 146, 5.6.2019, bls. 3).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14m (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070):

„– **32019 R 0439:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/439 frá 15. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 90, 29.3.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/439 og (ESB) 2019/912 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/536, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.